

Söng og lék í ótal uppfærslum

Hún lék Höllu í Fjalla Eyvindi og Guðnýju dóttur Ingólfs í uppfærslu á Lenharði fóteta svo dæmi séu tekin. Guðbjörg R. Guðmundsdóttir komst að því að Anna Júlía Magnúsdóttir sló í gegn í ýmsum leikritum sem sett voru upp á Siglufirði hér á árum áður. Hún statar af myndarlegri úrklippubók sem við báðum hana um að fletta með okkur.



Anna Júlía Magnúsdóttir

„Það var eiginlega tilviljun sem réði því að ég fór að leika og syngja með stúkunnni á Siglufirði sem sá um allar uppfærslur á leikritum þar“ segir Anna Júlía þegar við flettum úrklippubókinni. „Vinkona mín hafði fengið hlutverk í leikriti og kom til mín í öngum sínum og sagðist ekkert ráða við þetta. Hún bað mig að hlaupa í skarðið fyrir sig sem ég og gerði. Þar með var boltanum kastað og ég festist í leiklistinni og söng og lék reglulega með leikhópnum á Siglufirði í að minnsta kosti tvo áratugi.“

Anna Júlía segir að líklega sé eftirminnilegast að hafa leikið Höllu í Fjalla Eyvindi en töluvert var lagt í sýninguna og leikfélagið fór líka með hana til Akureyrar. „Ég lifði mig alveg inn í hlutverk Höllu og lagði líklega mesta vinnu í það hlutverk. Hinsvegar þurfti ég ekki að hafa mikið fyrir því að læra hlutverkin. Ég hafði bækurnar iðulega opnar á eldhúsborðinu og gjóaði augunum svo á textann minn þegar ég var að elda eða stússast eitthvað í eldhúsinu. Gunnar Hansen var danskur maður sem leikstýrði hópnum og hann lét mig nú yfirleitt sjá um hlutverkin mín sjálf, þ.e. túlkunina.“

Ráðskonuævintýrið endaði með brúðkaupi

Anna Júlía er fædd í Vestmannaeyjum árið 1920 en alin upp á Akureyri frá sex ára aldri en þá drukknaði faðir hennar. Þegar hún var búin með gagnfræðaskólann lá leiðin í hússtjórnarskólann á Laugalandi og þar kynntist hún konu úr Steingrímsfirði. Sú var systir Guðbrandar Magnússonar kaupfélagsstjóra í Steingrímsfirði og hann vantaði ráðskonu. Anna Júlía er ráðin til starfans en skömmu síðar blossaði rómantíkin upp og ráðskonuævintýrið endaði þannig að hún varð kaupfélagsstjórafrú og giftist Guðbrandi Magnússyni árið 1939. Þau bjuggu í nokkur ár í viðbót í Steingrímsfirði en fluttu svo til Siglufjarðar þar sem Guðbrandur gerðist kennari og síðar skólastjóri. Hugur hans hafði staðið til





Anna Júlía ásamt Guðbrandi eiginmanni sínum.

kennslu en hann var menntaður grasfræðingur frá Bretlandi.

Um áttatíu afkomendur

Anna Júlía og Guðbrandur eignuðust átta börn og eru sjö þeirra á lífi í dag og afkomendurnir orðnir um áttatíu talsins. Í fyrstu stóð til að vera í nokkur ár á Siglufirði en árin skiptu tugum sem þau bjuggu þar og Anna Júlía var mjög virk í félagsmálum á Siglufirði. „Ég var virk í kirkjustarfinu og söng í kirkjukórnum þegar ég var ekki að leika, syngja eða að sinna stóru heimili. Þar að auki sá ég um félagsmiðstöð fyrir unglinga á kvöldin og um helgar. Þar las ég fyrir unga fólkið, sýndi þeim bíómyndir, fór í leiki og svo spiluðum við. Þannig að það var nóg við að vera.

Anna Júlía flutti suður nokkru eftir að Guðbrandur, eiginmaður hennar, lést. Hún bjó síðast á Aflagranda, þangað til hún varð heimiliskona á A-3 hér á Grund.



Anna Júlía lék í mörgum uppfærslum á Siglufirði á árum áður.

Hrossatað í kirkjunni

Prestur varð einu sinni litið upp á kirkjuloftið þegar hann var í miðri prédikun. Honum brá heldur en ekki í brúna, þegar hann sá að yngsti sonur hann hafði komið sér þar fyrir með stóreflis hlaða af hrossataði og lét skothríðina dynja á söfnuðinum í kirkjunni. Áður en prestur kom upp nokkru orði í undrun sinni og skelfingu hóf stráksi upp raust sína og sagði: Haltu bara áfram með ræðuna pabbi minn. Ég reyni að halda þeim vakandi á meðan.

